

## AUGLÝSING

### um breytingu á deiliskipulagi í Dalabyggð.

Sveitarstjórn Dalabyggðar samþykkti 10. febrúar 2022 breytingu á deiliskipulagi Hvamma í Búðardal. Deiliskipulagsbreytingin felur í sér breyttar lóðarstærðir og afmörkun lóða og byggingarreita. Lóð Bakkahvamms 13 breytist úr raðhúsalóð í einbýlishúsalóð og minnkar lóðin úr 1.649 m<sup>2</sup> í 1.074 m<sup>2</sup>. Raðhúsalóð Bakkahvamms 15 minnkar úr 1.666 m<sup>2</sup> í 1.472 m<sup>2</sup> og fækkar íbúðum úr fjórum í þrjár.

Deiliskipulagið hefur hlotið meðferð samkvæmt 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast þegar gildi.

*Búðardal, 22. febrúar 2022.*

**Þórður Már Sigfússon** skipulagsfulltrúi.

---

B-deild – Útgáfudagur: 25. febrúar 2022